

Til formanna Rauða kross deilda

Reykjavík, 30. mars 2016

Ágætu formenn.

Aðalfundur Rauða krossins á Ísland og málstofur 20.-21. maí 2016

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi verður haldinn á Fosshótel Reykjavík 21. maí og hefst skráning kl. 8.30. Dagskrá fundarins fylgir með þessu bréfi. Föstudaginn 20. maí kl. 15-18 verða haldnar málstofur í húsi Rauða krossins að Efstaleiti 9.

Samkvæmt 7. gr. laga Rauða krossins á Íslandi á deild þín rétt á að senda fulltrúa á aðalfundinn og hefur yfirlit yfir fjölda fulltrúa þegar verið sent til ykkar. **Meðfylgjandi er kjörbréf sem berast þarf landsskrifstofu fyrir 21. apríl með nöfnum og heimilisföngum þeirra fulltrúa og varafulltrúa sem sækja fundinn.** Kjörbréfið þarf að fylla út og senda undirritað í bréfpósti til landsskrifstofu. Fulltrúar deilda sem skilað hafa ársreikningi og ársskýrslu hafa atkvæðisrétt á fundinum og einungis þeir fulltrúar sem greitt hafa árgjald félagsins fyrir síðustu áramót.

Skráning

Vinsamlega fyllið út meðfylgjandi skráningarblað og sendið til landsskrifstofu fyrir 21. apríl í tölvupósti á sviðsstjóra deildaþjónustu, Guðnýju H. Björnsdóttur, á netfangið gudnybj@redcross.is. Það má einnig senda það útfyllt á pappír til landsskrifstofu.

Kostnaði við þátttöku aðalfulltrúa á aðalfund skal jafnað á deildir eftir fjölda fulltrúa sem þær eiga rétt á. Félagar sem að velja að vera viðstaddir aðalfund en eru ekki fulltrúar sinnar deildar bera sjálfir kostnað af ferðum og viðveru á fundinum.

Fundargögn

Líkt og undanfarin ár eru deildir beðnar að gefa upp á skráningarblaði hvort fulltrúar þeirra vilja fá fundargögn á rafrænu formi eða pappír. Merkja þarf við slíkt fyrir hvern og einn fulltrúa. Fulltrúar þurfa að taka með sér á fundinn þau gögn sem þeir hafa fengið send, á pappír og rafrænt, því ekki verða gögn til dreifingar á alla á fundinum. Tillögur sem lagðar eru fyrir fundinn verða þó á pappír og þeim dreift á fundinum.

Flug

Vinsamlegast fyllið út upplýsingar um þá sem panta þarf flug fyrir í meðfylgjandi excel-skjali sem sent er út með þessu formannabréfi. Þar koma allar upplýsingar fram sem þarf til að ganga frá flugmiðum. Þið fáði síðan allar upplýsingar um flugin sendar til ykkar. Skjalið sendist útfyllt á Dögg Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra á skrifstofu framkvæmdastjóra, á netfangið dogg@redcross.is.

Ef einhverjar spurningar vakna vinsamlega hafið samband við Guðnýju H. Björnsdóttur, sviðsstjóra deildaþjónustu, eða Dögg Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra á skrifstofu framkvæmdastjóra.

Virðingarfyllst,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri